

Stuðningsþjónusta hefur það að markmiði að aðstoða fatlað fólk, fötluð börn og foreldra þeirra með stuðning sem miðar að því að fólk og fjölskyldur geti lifað sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu. Kópavogsbær hefur samþykkt reglur um framkvæmd stuðningsþjónustu, sjá www.kopavogur.is

Hvað felst í stuðningsþjónustu?

- Félagsleg aðstoð til að njóta menningar- og félagslífs
- Margháttuð aðstoð við athafnir daglegs lífs
- Stuðningsfjölskyldur fyrir börn
- Skammtí mavistun fyrir börn og ungmennti
- Sérfræðiaðstoð

Hverjir eiga rétt?

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir eiga þeir rétt á stuðningsþjónustu sem eru fatlaðir og þurfa aðstoð og stuðning í daglegu lífi. Þá eiga fötluð og langveik börn rétt á stuðningsþjónustu. Réttur til stuðningsþjónustu er bundinn því skilyrði að fyrir liggi mat á þörf fyrir þjónustu.

Hvernig er sótt um þjónustu?

Umsóknir um þjónustu þurfa að berast skriflega til velferðarsviðs. Eyðublöð má fá í afgreiðslu velferðarsviðs, Fannborg 6 eða á heimasíðu Kópavogsbæjar www.kopavogur.is Umsókn þarf að vera undirrituð af umsækjanda sjálfum, talsmanni hans eða forsjáaraðila. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð og/eða vottorð frá öðrum fagaðilum þar sem fram koma upplýsingar um fötlun og mat á þjónustuþörf. Umsækjandi eða forsjáaraðili barns er boðaður í viðtal þegar öll gögn hafa borist.

Hve mikla þjónustu er hægt að fá?

Umsókn er metin á deildarfundi þjónustudeildar fatlaðra á grundvelli gagna þ.e. viðtals og fyrirbyggjandi gagna. Stuðningsþjónusta er samþykkt fyrir ákveðið tímabil og háð ákveðnu hámarki sbr. reglur um stuðningsþjónustu.

Hver hefur eftirlit og umsjón með þjónustunni?

Ráðgjafar í málefnum fatlaðra hafa umsjón með framkvæmd stuðningsþjónustu. Notendum er bent á að snúa sér til ráðgjafa til að fá upplýsingar um mál er tengjast þjónustunni á einn eða annan hátt.

Ráðgjafar:

- Anna Guðrún Halldórsdóttir: annagh@kopavogur.is
- Anna Björk Sverrisdóttir: annabjork@kopavogur.is
- Ásta Þórarinsdóttir: astath@kopavogur.is
- Jóhanna Lilja Ólafsdóttir: johannalilja@kopavogur.is

Guðlaug Ósk Gísladóttir er yfirmaður þjónustu- og ráðgjafadeildar deildar fatlaðra. guðlaugo@kopavogur.is

Hægt er að hafa samband við þjónustuborð í síma 441-0000 alla daga.

Einnig er hægt að skilja eftir skilaboð í Þjónustuveri Kópavogsbæjar, og ráðgjafar hafa samband.